

Framhaldsnefndarálit

um frv. til l. um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin tók málið aftur upp að eigin frumkvæði.

Við meðferð málsins í nefndinni varð ágreiningur um 1. gr. frumvarpsins eins og fram kemur í álitum meiri og minni hluta utanríkismálanefndar (þskj. 1197 og 1247).

Nefndin tók 1. gr. frumvarpsins til athugunar að nýju og er einhuga um að leggja til breytingar á henni. Í breytingunum felst einkum að tekið er fram í 1. mgr. að heimilt sé að senda borgaralega sérfræðinga til friðargæslustarfa. Þá eru gerðar lagfæringar á upptalningu 2. mgr. Loks er bætt við nýrri málsgrein þar sem tekið er fram að verkefni íslensku friðargæslunnar megi ekki brjóta í bága við alþjóðlega mannréttinda- og mannúðarsamninga.

Helstu samningar sem hér um ræðir eru Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá 1948, samningar Evrópuráðsins um mannréttindi og má þar helst nefna samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 1950 (mannréttinasáttmála Evrópu), með breytingum og viðaukum, Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, ásamt bókunum, Genfarsamningana frá 1949 auk ýmissa samninga Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Steingrímur J. Sigfússon ritar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 17. mars 2007.

Halldór Blöndal,
form., frsm.

Össur Skarphéðinsson.

Jón Kristjánsson.

Bjarni Benediktsson.

Jón Gunnarsson.

Sigurður Kári Kristjánsson.

Dagný Jónsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon,
með fyrirvara.